

**HS Veitur**  
**Jón Gestur Hermannsson Svæðisstjóri**  
**Bæjarhrauni 14**  
**220 Hafnarfirði**

**Efni:** Afstöðumynd vegna 12 kV strenglagnar frá Borgarhelli að Vatnsskarðsnámum.

**Fyrirhugað er að leggja 11 kV streng vestan við veg 42 Krísuvíkurveg á 7,2 km kafla**

Strengurinn kemur frá Borgarhelli þvert að Krísuvíkurvegi um 480 m sunnan við Álfhelli. (Sbr. mynd nr.1).

3,37 km liggur strengurinn vestan við veg 42, Krísuvíkurveg, að vegi 417 Bláfjallavegi. (Sbr. mynd nr.1).

Þaðan áfram sunnan Bláfjallavegar 3,84 km og þverar þar Krísuvíkurveg sunnan afleggjara að Vatnsskarðsnámum. (Sbr. mynd nr.1)

**Leiðin skiptist í tvo kafla:**

**Kafla 1 Frá Borgarhelli að Bláfjallavegi 3,37 km**

Á kafla 1 er áætlað að leggja strenginn 4 til 5 metra frá öxl, sem á köflum er fast við hraunjaðarinn.

**Kafla 2 Frá Bláfjallavegi að afleggjara að Vatnsskarðsnámum 3,84 km**

Á kafla 2 er áætlað að leggja strenginn 4 til 5 metra frá öxl þar sem því verður við komið. Á 1.200 metra kafla næst sunnan Bláfjallavegar er hraunjaðarinn nær öxlinni en 3 til 4 metra. Þar eru einnig djúpar hvilftir í hraunið fast við veginn. Okkar hugmynd er að setja þar fyllingar með aðfluttu efni og haga strenglöggninni og frágangi í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar hvað varðar fjarlægð frá öxl.

Hafnarfirði, 30.11.2012

Kristjón Sigurðsson

Fylgigögn:

Mynd 1 Yfirlitsmynd

Mynd 2 Dæmi um snið

Mynd 3 Upphaf strenglagnar

Mynd 4 Afstaða Krísuvíkurvegur. Álfhella og Borgarhella.